

## REGLUGERÐ

### um (6.) breytingu á reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.

#### 1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist nýr stafliður, n-liður, sem orðast svo:

- n. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/918 frá 19. maí 2016 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna í því skyni að aðlaga hana að framförum í vísindum og tækni, sem vísað er til í tölulið 12zze, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 209/2016, þann 28. október 2016. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 63 frá 17. nóvember 2016, bls. 93-195.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/918 frá 19. maí 2016 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna í því skyni að aðlaga hana að framförum í vísindum og tækni.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. tölul. 1. mgr. 11. gr. efnalaga nr. 61/2013. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 5. maí 2017.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Steinunn Fjóla Sigurðardóttir.*